

Notkunarleiðbeiningar

Merkissvaralesari
2606 ..

GIRA

Efnisyfirlit

Lýsing á búnaðinum	4
Lýsing á búnaði	5
Notkunarmöguleikar	7
Notkun	9
Staðfestingarmerki	11
Búnaðurinn tekinn í notkun	12
Tengiklemmur	13
Uppsetning	14
Upplýsingar um forritun	15
Forritunarkort tengt	16
Merkissvaralykill fyrir liða 1 (fjarsvið) tengdur	17
Merkissvarakort fyrir liða 2 (nærsvið) tengt	18
Merkissvaralykill fyrir liða 1 + 2 tengdur	19
Merkissvaralykli/merkissvarakorti eytt	20
Tímastilling liða	21
Kveikt/slökkt á staðfestingartónum	22
Drægi fjarsviðs stillt	23
Endursett á verksmiðjustillingar - Öllum tengingum eytt	24
Notkun í dyrasímakerfi	25
Tenging við dyrasímakerfið	26
Merkissvaralykill með fjarsviðsvirkni tengdur við rofaliða/hurðaopnara	28
Merkissvaralykill með nærsviðsvirkni tengdur við rofaliða/hurðaopnara	30

Merkissvaralykill með fjar- og nærsviðsvirkni tengdur við rofaliða/hurðaopnara	32
Tengingu merkissvaralykils við rofaliða/ hurðaopnara eytt	34
Raflíðar/rofaliðar - hvað skiptir hvenær?	36
Fimm reglur um val á réttum hami	37
Hamur tengdur við tiltekinn merkissvaralykil	38
Hami lyklahóps breytt	39
Dæmi	
Dæmi 1:	
Búnaðurinn notaður einn sér	40
Dæmi 2:	
Búnaðurinn notaður í einbýlishúsi með dyrasímakerfi	42
Dæmi 3:	
Notkun í dyrasímakerfi án tals	45
Virkjunarinngangur	46
Líðar merkissvaralesara	47
Skipt um rafhlöðu í merkissvaralykli	48
Geymslustaður merkissvaralykla	49
Ef forritunarkort glatast	50
Viðbrögð við yfirhita	51
Tæknilýsing	52
Ábyrgð	53

Lýsing á búnaðinum

Merkissvaralesarinn er langdrægur og býður upp á þægilega aðgangsstjórnun jafnt innan- sem utandyra. Merkissvaralesarinn bregst við merki frá virkum merkissvaralykli eða merkissvarakorti.


Merkissvaralykillinn verður virkur þegar hann er kominn í 1,5 metra fjarlægð frá lesaranum (fjarsvið). Auk þess er hægt að nota merkissvaralesarann með nærsviðsvirkni (u.þ.b. 10 cm). Hægt er að nota merkissvaralesarann einan sér, t.d. við stakar hurðir eða stök hlið. Einnig er hægt að nota hann sem hluta af Gira dyrasímakerfi.

Tengja má mismunandi skiptiaðgerðir við innbyggðu, spennulausu víxlnerturnar, t.d. opna hurð með liða 1 (fjarsvið) og kveikja/slökkva á útiljósi með liða 2 (nærsvið).

Hægt er að halda utan um allt að 250 merkissvaralykla eða -kort út frá lesaranum. Lyklarnir og kortin eru stillt beint inn í tækið án tölvu eða stillingahugbúnaðar. Hver lykill og hvert kort hefur m.a. einkvæman kóða og er því ekki til annar eða annað sem er nákvæmlega eins.


Innandyra (IP 20) er merkissvaralesarinn settur upp í ramma úr System 55 línunni, en utandyra (IP 44) í TX_44 ramma.

Lýsing á búnaði



TX_44

- 1 Innfelld grunneining (merkissvaralesari)
- 2 Tengikapall fyrir dyrasímakerfi
- 3 Neðri hluti TX_44 ramma (fylgir ekki með)
- 4 Lok yfir merkissvara
- 5 Stöðuljós
- 6 Efri hluti TX_44-ramma (fylgir ekki með)



System 55

- 1 Innfelld grunneining (merkissvaralesari)
- 2 Tengikapall fyrir dyrasímakerfi
- 3 System 55 rammi (fylgir ekki með)
- 4 Lok yfir merkissvara
- 5 Stöðuljós

Forritunarkortið


Nota þarf forritunarkortið (Programming Card) þegar merkissvaralesarinn er tekinn í notkun og stillingar færðar inn.

Forritunarkortið virkar aðeins innan nærsviðs lesarans og er ekki hægt að nota það fyrir skiptiaðgerðir. Tengja má sama forritunarkortið við marga lesara og þarf þá aðeins að nota eitt kort ef um marga lesara er að ræða.




Merkissvaralykill og merkissvarakort

Merkissvaralykillinn gengur fyrir rafhlöðum og er virkur merkissvari sem getur bæði stjórnað aðgerðum á fjarsviði og á nærsviði.



Merkissvarakortið (Transponder Card) er einnig virkur merkissvari og getur eingöngu stjórnað aðgerðum á nærsviði.




Búnaðurinn notaður einn og sér

Í þessu tilviki eru spennulausu snerturnar í innfelldu grunneiningunni notaðar, t.d. fyrir hurðaopnara með eigin spennugjafa.



Búnaðurinn notaður einn og sér á stöðum þar sem ekki eru gerðar miklar kröfur um öryggi

Ekki ráðlagt fyrir opnun útihurða, einkum á stöðum þar sem gerðar eru miklar kröfur um öryggi, því hægt er að fjarlægja lesarann og opna hurðina með því að tengja framhjá snertunum sem eru þá óvarðar.



- 1 Merkissvaralesari
- 2 Hurðaopnari
- 3 Spennugjafi
24 V DC
- 4 Spennugjafi
hurðaopnarans




Hurðaopnari með sérstökum spennugjafa

Hurðaopnara sem tengdur er við liða merkissvaralesarans skal tengja við sérstakan spennugjafa.

Notkun í dyrasímakerfi

Hægt er að tengja merkissvaralesarann við dyrasímakerfi með meðfylgjandi tengikapli. Þannig er til dæmis hægt að stjórna hurðaopnarsnertu stýrieiningarinnar með lesaranum eða nota hann til að framkvæma aðgerð með rofaliða.

- 1 Utanáliggjandi, handfrjáls innistöð
- 2 Innfelld útistöð með merkissvaralesara
- 3 Spennugjafi 24 V DC
- 4 Hljóðstýrieining
- 5 Hurðaopnari



Verjið stýrieininguna gegn óviðkomandi aðgangi

Á stöðum þar sem gerðar eru miklar kröfur um öryggi ætti að setja stýrieininguna þannig upp að óviðkomandi hafi ekki aðgang að henni.

Fjarsvið

Við notkun á fjarsviði verður að fara með merkissvaralykilinn inn á fjarsviðið.

Þegar borin hafa verið kennsl á lykilinn er gefið jákvætt staðfestingarmerki og fyrirfram ákvarðaða skiptiaðgerðin er framkvæmd.

Hafi lykillinn ekki tilskilda heimild eða hafi hann ekki verið tengdur við lesarann er það gefið til kynna með neikvæðu staðfestingarmerki.



Notkun ef lítið er eftir á rafhlöðu merkissvaralykils

Þegar lítið er eftir á rafhlöðunni er hægt að framkvæma fjarsviðsaðgerðina með því að halda lyklinum lengi fyrir framan lesarann (> 3 sek.) á nærsviði.




Geymslustaður merkissvaralykla

Lyklarnir mega ekki vera stöðugt innan fjarsviðsins. Nánari upplýsingar um þetta atriði er að finna á bls. 49.

Nærsvið

Til þess að framkvæma skiptiaðgerðina á nærsviðinu er lyklinum eða kortinu haldið upp að lesaranum í stutta stund.



Þegar borin hafa verið kennsl á lykilinn eða kortið er gefið jákvætt staðfestingarmerki og fyrirfram ákvarðaða skiptiaðgerðin er framkvæmd.

Hafi lykillinn eða kortið ekki tilskilda heimild eða hafi hann/það ekki verið tengdur/tengt við lesarann er það gefið til kynna með neikvæðu staðfestingarmerki.

Staðfestingarmerki

Þegar merkissvaralesarinn er notaður gefur hann frá sér mismunandi staðfestingarmerki:

Jákvætt staðfestingarmerki

- ✓ Merkissvaralesarinn gefur frá sér langan staðfestingartón og ljósdíóðan logar um leið í grænum lit.

Neikvætt staðfestingarmerki

- ✓ Merkissvaralesarinn gefur frá sér þrjá stutta staðfestingartóna og ljósdíóðan logar um leið í rauðum lit.

Forritunarstilling virk

- ✓ Ljósdíóðan logar í appelsínugulum lit.

Í dyrasímakerfi:

Forritunarstilling virk

- ✓ Merkissvaralesarinn gefur frá sér stuttan staðfestingartón og ljósdíóðan blikkar í appelsínugulum lit.

Farið úr forritunarstillingu

- ✓ Merkissvaralesarinn gefur frá sér stuttan staðfestingartón og slökkt er á ljósdíóðunni.



Hægt er að slökkva á staðfestingartónum

Hægt er að slökkva á staðfestingartónunum sem heyrast þegar búnaðurinn er notaður (sjá bls. 22).

Búnaðurinn tekinn í notkun

Þegar merkissvaralesarinn er tekinn í notkun þarf að framkvæma eftirfarandi atriði í þessari röð:

- | | |
|--|---|
| I. Setjið merkissvaralesarann upp (frá bls. 13)
→ Ljósdíóðan blikkar í grænum lit | I |
|--|---|

- | | |
|--|----|
| II. Tengið forritunarkort (bls. 16)
- Haldið forritunarkortinu upp að lesaranum
í þrjár sekúndur | II |
|--|----|

- | | |
|--|-----|
| III. Stillið inn merkissvara fyrir liða 1/2 (frá bls. 17)
- Haldið forr.kortinu í 3 sek. og síðan merkissvara
(1 sinni = R1, 2 sinnum = R2, 3 sinnum = R1+2) | III |
|--|-----|


- | | |
|---|----|
| IV. Færið inn stillingar fyrir merkissvaralesarann
(frá bls. 20) | IV |
|---|----|

- | | |
|---|---|
| V. Notkun í dyrasímakerfi:
Tengið hurðaopnara/rofaliða (frá bls. 25) | V |
|---|---|



Athugið

Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast ísetningu og uppsetningu raftækja.



Liði 1	1	Liði 1 N.C. (opnunarsnerta)
	2	Liði 1 COM
	3	Liði 1 N.O. (lokunarsnerta)
Þjónusta	4	skiljið eftir
	5	skiljið eftir
Dyrasímakerfi (tilbúið)	6	GND fyrir Gira dyrasímakerfi
	7	COM-Bus Gira dyrasímakerfis
Liði 2	8	Liði 2 N.O. (lokunarsnerta)
	9	Liði 2 COM
	10	Liði 2 N.C. (opnunarsnerta)
Spennugjafi	11	GND
	12	+ 24 V DC
Virkjunarinngangur	13	GND fyrir virkjunarinngang
	14	Virkjunarinngangur

Uppsetning

1. Takið tengiblokkina sem á að nota af innfelldu grunneiningunni og tengið í viðkomandi klemmur.
2. Setjið tengiblokkina aftur á innfelldu grunneininguna.
3. Setjið innfelldu grunneininguna í innfelldu 58-dósina.
4. Setjið rammann á og setjið lokið yfir lesarann.
- ✓ 10 sekúndum eftir að rekstrarspenna er sett á blikkar ljósdíóða lesarans í grænum lit.
5. Merkissvaralesarinn tekinn í notkun:
 - tengið fyrst forritunarkortið (bls. 16),
 - tengið svo merkissvaralyklana eða -kortin (frá bls. 17),
 - og tengið því næst aðgerðir rofaliða eða hurðaopnara ef svo á við (frá bls. 28).



Upplýsingar um uppsetningu

- Fjarlægðin á milli tveggja merkissvaralesara verður að vera að minnsta kosti þrír metrar.
- Setja verður lesarann upp með burðarhring á veggfóðri.
- Þegar lesarinn er settur upp í einföldum TX_44 ramma verður að festa neðri hluta rammans við vegginn (með skrúfum/múrtöppum).

Upplýsingar um forritun

Við forritun merkissvaralesarans skal gæta að eftirfarandi:

- Enginn merkissvaralykill má vera innan skynjunarsviðs lesarans áður en hann er settur í forritunarstillingu, því annars getur farið svo að ekki verði borin kennsl á forritunarkortið.
- Í forritunarstillingu er drægi lesarans takmarkað við nærsviðið til þess að tryggja að hann tengist réttum lyklum.
- Að loknu hverju skrefi við forritun verður ávallt að gera hlé í að minnsta kosti eina sekúndu.
Merkissvaralesarinn þarf þennan tíma til þess að tryggja að enginn merkissvaralykill (eða merkissvarakort) sé á nærsviðinu.
Á þessum tíma verður að fjarlægja viðkomandi lykil (eða kort) af nærsviðinu.
Mikilvægt er að beðið sé þar til staðfestingartóninum lykur áður en lyklinum er haldið aftur upp að lesaranum.
- Hægt er að tengja fleiri en einn lykil í sömu aðgerð.
- Ef engin aðgerð er framkvæmd fer lesarinn úr forritunarstillingu að 10 sekúndum liðnum og gefur það til kynna með neikvæðu staðfestingarmerki.

Forritunarkort tengt

Við afhendingu er ekkert forritunarkort tengt við merkissvaralesarann. Í þessu tilviki blikkar ljósdíóðan á merkissvaralesaranum í grænum lit.

Þegar merkissvaralesarinn er tekinn í notkun verður að byrja á því að tengja forritunarkortið við hann:

✓ Ljósdíóðan blikkar í grænum lit.

1. **Haldið forritunarkortinu upp að lesaranum í þrjár sekúndur**, eða þar til hann gefur frá sér jákvætt staðfestingarmerki.

✓ Eftir eina sekúndu slokknar á grænu ljósdíóðunni. Forritunarkortið hefur þá verið tengt varanlega við þennan merkissvaralesara.



Eitt forritunarkort á hvern merkissvaralesara

Ekki er hægt að tengja fleiri en eitt forritunarkort við hvern merkissvaralesara.

Ekki er hægt að nota forritunarkortið fyrir síðari skiptiaðgerðir.

Merkissvaralykill fyrir liða 1 (fjarsvið) tengdur

1. Haldið **forritunarkortinu** upp að lesaranum í **þrjár sekúndur**, eða þar til jákvætt staðfestingarmerki heyrir.
- ✓ Annar staðfestingartónn heyrir, ljósdíóðan blikkar einu sinni í grænum lit og logar svo í appelsínugulum lit.
2. Haldið **merkissvaralyklinum** sem á að tengja **einu sinni** upp að lesaranum, eða þar til staðfestingartónn heyrir og ljósdíóðan blikkar í grænum lit.
- ✓ Merkissvaralykillinn hefur þá verið tengdur við lesarann og stjórnar liða 1 á fjarsviðinu.
- ✓ Hægt er að tengja fleiri merkissvaralykla (ef ekkert er aðhafst er sjálfkrafa farið úr forritunarstillingu að tveimur mínútum liðnum).
3. Haldið forritunarkortinu stutt upp að lesaranum til þess að fara úr forritunarstillingu með jákvæðu staðfestingarmerki.



Merkissvarakort fyrir liða 1 tengt

Merkissvarakortið stjórnar liða 1 á nærsviðinu.

Merkissvarakortið er tengt með sama hætti og lýst er hér að ofan.

Merkissvarakort fyrir liða 2 (nærsvið) tengt

1. Halðið **forritunarkortinu** upp að lesaranum í **þrjár sekúndur**, eða þar til jákvætt staðfestingarmerki heyrir.
- ✓ Annar staðfestingartónn heyrir, ljósdíóðan blikkar einu sinni í grænum lit og logar svo í appelsínugulum lit.
2. Halðið **merkissvarakortinu** sem á að tengja **tvisvar sinnum** upp að merkissvaralesaranum með einnar sekúndu millibili:
 1. skipti ➔ 1 staðfestingartónn - ljósdíóðan blikkar í grænum lit.
 2. skipti ➔ 2 staðfestingartónar - ljósdíóðan blikkar tvisvar í grænum lit.
- ✓ Merkissvarakortið hefur þá verið tengt við lesarann og stjórnar liða 2 á nærsviðinu.
- ✓ Hægt er að tengja fleiri merkissvaralykla eða -kort (ef ekkert er aðhafst er sjálfkrafa farið úr forritunarstillingu að tveimur mínútum liðnum).
3. Halðið forritunarkortinu stutt upp að lesaranum til þess að fara úr forritunarstillingu með jákvæðu staðfestingarmerki.



Merkissvaralykill fyrir liða 2 tengdur

Merkissvaralykillinn stjórnar liða 2 á nærsviðinu. Merkissvaralykillinn er tengdur með sama hætti og lýst er hér að ofan.

Merkissvaralykill fyrir liða 1 + 2 tengdur

1. Haldið **forritunarkortinu** upp að lesaranum í **þrjár sekúndur**, eða þar til jákvætt staðfestingarmerki heyrir.
- ✓ Annar staðfestingartónn heyrir, ljósdíóðan blikkar einu sinni í grænum lit og logar svo í appelsínugulum lit.
2. Haldið **merkissvaralyklinum** sem á að tengja **þrisvar sinnum** upp að merkissvaralesaranum með einnar sekúndu millibili:
 - ✓ 1. skipti ➔ 1 staðfestingartónn - ljósdíóðan blikkar einu sinni í grænum lit.
 2. skipti ➔ 2 staðfestingartónar - ljósdíóðan blikkar tvisvar í grænum lit.
 3. skipti ➔ 3 staðfestingartónar - ljósdíóðan blikkar þrisvar í grænum lit.
- ✓ Merkissvaralykillinn hefur þá verið tengdur við lesarann og stjórnar liða 1 á fjarsviðinu og liða 2 á nærsviðinu.
- ✓ Hægt er að tengja fleiri merkissvaralykla eða -kort (ef ekkert er aðhafst er sjálfkrafa farið úr forritunarstillingu að tveimur mínútum liðnum).
3. Haldið forritunarkortinu stutt upp að lesaranum til þess að fara úr forritunarstillingu með jákvæðu staðfestingarmerki.



Merkissvarakort fyrir liða 1 + 2 tengt

Merkissvarakortið stjórnar báðum liðum á nærsviðinu. Merkissvarakortið er tengt með sama hætti og lýst er hér að ofan.

Merkissvaralykli/merkissvarakorti eytt

1. Halðið **forritunarkortinu** upp að lesaranum í **þrjár sekúndur**, eða þar til jákvætt staðfestingarmerki heyrir.
- ✓ Annar staðfestingartónn heyrir, ljósdíóðan blikkar einu sinni í grænum lit og logar svo í appelsínugulum lit.
2. Halðið **merkissvaralyklinum/-kortinu** sem á að eyða **fjórum sinnum** upp að merkissvaralesaranum með einnar sekúndu millibili:
 - ✓ 1. skipti ➔ 1 staðfestingartónn - ljósdíóðan blikkar einu sinni í grænum lit.
 2. skipti ➔ 2 staðfestingartónar - ljósdíóðan blikkar tvisvar í grænum lit.
 3. skipti ➔ 3 staðfestingartónar - ljósdíóðan blikkar þrisvar í grænum lit.
 4. skipti ➔ 4 staðfestingartónar - ljósdíóðan blikkar fjórum sinnum í grænum lit.
- ✓ Merkissvaralyklinum/-kortinu hefur verið eytt.
- ✓ Hægt er að eyða fleiri merkissvaralyklum eða -kortum (ef ekkert er aðhafst er sjálfkrafa farið úr forritunarstillingu að tveimur mínútum liðnum).
3. Halðið forritunarkortinu stutt upp að lesaranum til þess að fara úr forritunarstillingu með jákvæðu staðfestingarmerki.

Tímastilling liða

Hægt er að færa inn tímastillingu fyrir liða á bilinu 3 til 30 sekúndur. Tímastillingin á bæði við um liða fyrir nær- og fjarsvið.

Tímastilling liðanna er færð inn með eftirfarandi hætti:

1. Haldið **forritunarkortinu** upp að lesaranum í **sex sekúndur**, eða þar til annar staðfestingartónninn heyrir. Fyrsti staðfestingartónninn heyrir að þremur sekúndum liðnum, bíðið þar til annar staðfestingartónninn heyrir.
- ✓ Ljósdióðan blikkar einu sinni í grænum lit og svo tvisvar í grænum lit.
2. Til þess að hefja tímastillinguna skal halda **forritunarkortinu** aftur upp að merkissvaralesaranum í skamma stund.
- ✓ Merkissvaralesarinn gefur frá sér staðfestingartón með sekúndu millibili og ljósdióðan blikkar um leið í grænum lit.
Meðan á tímastillingunni stendur eru liðarnir ekki virkir.
3. Til þess að ljúka tímastillingunni skal halda **forritunarkortinu** aftur upp að merkissvaralesaranum í skamma stund.
- ✓ Merkissvaralesarinn gefur frá sér jákvætt staðfestingarmerki.



Staðfestingartónn við forritun

Ekki er hægt að slökkva á staðfestingartónunum við forritun merkissvaralesarans.

Þegar borin eru kennsl á gildan eða ógildan lykil eða kort gefur merkissvaralesarinn frá sér staðfestingartón.

Kveikt/slökkt er á þessum staðfestingartóni með eftirfarandi hætti:

1. Haldið **forritunarkortinu** upp að lesaranum í **nú sekúndur**, eða þar til þriðji staðfestingartóninn heyrir.
Staðfestingartónn heyrir að þremur og sex sekúndum liðnum. Bíðið þar til þriðji staðfestingartóninn heyrir.
- ✓ Ljósdióðan blikkar einu sinni í grænum lit og síðan í lotum þrisvar í grænum lit.
2. **Forritunarkortinu** er haldið upp að lesaranum í stutta stund til þess að kveikja/slökkva á staðfestingartóninum.
- ✓ 1 staðfestingartónn + græn ljósdióða = Kveikt á staðfestingartóni
2 staðfestingartónar + rauð ljósdióða = Slökkt á staðfestingartóni
3. Bíðið í 10 sekúndur, eða þar til merkissvaralesarinn fer sjálfkrafa úr forritunarstillingu með þremur staðfestingartónum.

Drægi fjarsviðs stillt

Hámarksdrægi fjarsviðs merkissvaralesarans er u.þ.b. 1,50 m. Hægt er að minnka drægið um u.þ.b. helming eftir þörfum.



Takmarkað drægi í umhverfi þar sem er málmur

Ef málmur er umhverfis merkissvaralesarann er drægi hans takmarkað.

Í tenglasúlum: u.þ.b. 0,9 m

Í Profil 55: u.þ.b. 0,6 m

Í póstkössum: u.þ.b. 0,35 m

Drægi fjarsviðsins er stillt með eftirfarandi hætti:

1. Haldið **forritunarkortinu** upp að lesaranum í **12 sekúndur**, eða þar til fjórði staðfestingartónninn heyrir.
Staðfestingartónn heyrir að þremur, sex og níu sekúndum liðnum. Bíðið þar til fjórði staðfestingartónninn heyrir.
- ✓ Ljósdióðan blikkar einu sinni í grænum lit og síðan í lotum fjórum sinnum í grænum lit.
2. **Forritunarkortinu** er haldið upp að lesaranum í stutta stund til þess að stilla drægið:
 - ✓ 1 staðfestingartónn + græn ljósdióða = hámarksdrægi
 - 2 staðfestingartónar + rauð ljósdióða = helmingsdrægi
3. Bíðið í 10 sekúndur, eða þar til merkissvaralesarinn fer sjálfkrafa úr forritunarstillingu með þremur staðfestingartónum.

Endursett á verksmiðjustillingar - Öllum tengingum eytt

Hægt er að endurstilla merkissvaralesarann á þá stöðu sem hann var í við afhendingu. Þegar það er gert eyðast út allar tengingar og stillingar.

Endursett er á verksmiðjustillingar með eftirfarandi hætti:

1. Haldið **forritunarkortinu** upp að lesaranum í **þrjár sekúndur**, eða þar til jákvætt staðfestingarkerfi heyrir.
- ✓ Annar staðfestingartónn heyrir, ljósdíóðan blikkar einu sinni í grænum lit og logar svo í appelsínugulum lit.
2. Haldið **forritunarkortinu** upp að merkissvaralesaranum **þrisvar sinnum í þrjár sekúndur** með einnar sekúndu millibili:
 - ✓ 1. skipti ➔ 1 staðfestingartónn - ljósdíóðan blikkar einu sinni í appelsínugulum lit.
 2. skipti ➔ 1 staðfestingartónn - ljósdíóðan blikkar tvisvar í appelsínugulum lit.
 3. skipti ➔ 1 staðfestingartónn - ljósdíóðan logar í appelsínugulum lit.
- IV ✓ Ljósdíóðan blikkar í grænum lit.
Merkissvaralesarinn er nú í sömu stöðu og hann var í við afhendingu. Tengingum við forritunarkortið, alla merkissvaralykla og öll merkissvarakort hefur verið eytt.



Athugið!

Forritunarkortinu er einnig eytt

Tengja verður forritunarkortið áður en stillingar eru færðar inn að nýju.


Notkun í dyrasímakerfi



Áður en búnaðurinn er tekinn í notkun skal tengja forritunarkortið og merkissvaralyklana

Áður en merkissvaralesarinn er tekinn í notkun í dyrasímakerfinu verður að tengja forritunarkortið og viðkomandi merkissvaralykla (frá bls. 16).


- 1 Útistöð með merkissvaralesara
- 2 Utanáliggjandi innistöð
- 3 Spennugjafi 24 VDC
- 4 Rofaliði
- 5 Stýrieining
- 6 Hurðaopnari



Tengja má merkissvaralesarann við innfelldar Gira útistöðvar og við innbyggða hátalarann. Með tengdum merkissvaralyklum er hægt að stjórna allt að 16 rofaliðum (8 hóprofaliðum + 8 stökum rofaliðum) og hurðaopnara. **Full virkni rofaliða frá og með Index I01.**

Tenging við dyrasímakerfið

Merkissvaralesarinn er tengdur við samskiptaeiningu eða grunneiningu kallhnappa í Gira dyrasímakerfinu með meðfylgjandi tengikapli.



1 Merkissvaralesari

2 Samskiptaeining

Þegar merkissvaralesarinn er notaður í dyrasímakerfi verður hann að ganga fyrir spennu frá öðrum spennugjafa. Merkissvaralesarinn getur ekki fengið spennu um Bus dyrasímakerfisins.



Takið dyrasímakerfið fyrst í notkun

Taka verður dyrasímakerfið í notkun áður en byrjað er að stilla merkissvaralesarann.

Bein tenging/hóptenging

Við tengingu er greint á milli:

- **beinnar tengingar** einstaka merkissvaralykla (eða merkissvarakorta) við tiltekinn rofaliða annars vegar og
 - **hóptengingar** allra merkissvaralykla (eða merkissvarakorta) við rofaliða hins vegar.
- Með hóptengingu framkvæma allir merkissvaralyklar (eða merkissvarakort) sem tengdir eru við merkissvaralesarann skiptiaðgerð á rofaliðanum. Við forritun er forritunarkortinu haldið upp að merkissvaralesaranum í stað merkissvaralykils.



Kosturinn við hóptengingu

Með hóptengingu eru allir tengdir merkissvaralyklar og öll tengd merkissvarakort tengdir/tengd við sameiginlegan rofaliða með einni stillingu.

Merkissvaralyklar og merkissvarakort sem tengdir/tengd eru síðar við merkissvaralesarann geta einnig stjórnað þessum sameiginlega rofaliða síðar án þess að frekari stillinga sé þörf.

Merkissvaralykill með fjarsviðsvirkni tengdur við rofaliða/hurðaopnara

Áður en tengingin fer fram verður að tengja forritunarkortið og alla merkissvaralykla/-kort við merkissvaralesarann, sjá frá bls. 16.

1. Halðið hnappinum "Systemprogr." á stýrieiningunni inni í þrjár sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu.
 - ✓ Ljósdióðan á stýrieiningunni blikkar.
Merkissvaralesarinn gefur frá sér staðfestingartón og ljósdióðan blikkar í appelsínugulum lit.
Ljósdióðan fyrir vinnslumáta á rofaliðanum blikkar.
 2. Styðjið á hnappinn "Progr." á rofaliðanum (eða á hnappinn "Türöffnerprog." á stýrieiningunni) þar til ljósdióðan við hliðina á hnappinum byrjar að blikka.
 - ✓ Merkissvaralesarinn gefur frá sér staðfestingartón.
 3. Halðið merkissvaralyklinum sem á að tengja einu sinni upp að lesaranum, eða þar til staðfestingartónn heyrir og ljósdióðan blikkar í grænum lit.
 - ✓ Merkissvaralesarinn og útistöðin gefa frá sér staðfestingartón.
- v** ✓ Merkissvaralykillinn hefur þá verið tengdur við lesarann og stjórnar rofaliðanum á fjarsviðinu.
- ✓ Er þá hægt að tengja fleiri merkissvaralykla.

4. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á stýrieiningunni til þess að fara úr forritunarstillingu.



Merkissvarakort tengt

Merkissvarakortið stjórnar rofaliðanum á nærsviðinu. Merkissvarakortið er tengt með sama hætti og lýst er hér að ofan.



Hóptenging

Þegar tengja á hóp merkissvaralykla/-korta verður að halda forritunarkortinu upp að merkissvaralesaranum í stað merkissvaralykilsins.

Merkissvaralykill með nærsviðsvirkni tengdur við rofaliða/hurðaopnara

Áður en tengingin fer fram verður að tengja forritunarkortið og alla merkissvaralykla/-kort við merkissvaralesarann, sjá frá bls. 16.

1. Halðið hnappinum "Systemprogr." á stýrieiningunni inni í þrjár sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu.
 - ✓ Ljósdióðan á stýrieiningunni blikkar.
Merkissvaralesarinn gefur frá sér staðfestingartón og ljósdióðan blikkar í appelsínugulum lit.
Ljósdióðan fyrir vinnslumáta á rofaliðanum blikkar.
2. Styðjið á hnappinn "Progr." á rofaliðanum (eða á hnappinn "Türöffnerprog." á stýrieiningunni) þar til ljósdióðan við hliðina á hnappinum byrjar að blikka.
 - ✓ Merkissvaralesarinn gefur aftur frá sér staðfestingartón.
3. Halðið merkissvaralyklinum sem á að tengja tvisvar upp að merkissvaralesaranum með einnar sekúndu millibili:
 - ✓ 1. skipti → 1 staðfestingartónn - ljósdióðan blikkar í grænum lit.
 - 2. skipti → 2 staðfestingartónar - ljósdióðan blikkar tvisvar í grænum lit.

4. Merkissvaralykillinn hefur þá verið tengdur við lesarann og stjórnar rofaliðanum á nærsviðinu.
- ✓ Er þá hægt að tengja fleiri merkissvaralykla.
5. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á stýrieiningunni til þess að fara úr forritunarstillingu.



Merkissvarakort tengt

Merkissvarakortið stjórnar rofaliðanum á nærsviðinu. Merkissvarakortið er tengt með sama hætti og lýst er hér að ofan.



Hóptenging

Þegar tengja á hóp merkissvaralykla/-korta verður að halda forritunarkortinu upp að merkissvaralesaranum í stað merkissvaralykilsins.

Merkissvaralykill með fjar- og nærsviðsvirkni tengdur við rofaliða/hurðaopnara

Áður en tengingin fer fram verður að tengja forritunarkortið og alla merkissvaralykla/-kort við merkissvaralesarann, sjá frá bls. 16.

1. Halðið hnappinum "Systemprogr." á stýrieiningunni inni í þrjár sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu.
 - ✓ Ljósdióðan á stýrieiningunni blikkar.
Merkissvaralesarinn gefur frá sér staðfestingartón og ljósdióðan blikkar í appelsínugulum lit.
Ljósdióðan fyrir vinnslumáta á rofaliðanum blikkar.
2. Styðjið á hnappinn "Progr." á rofaliðanum (eða á hnappinn "Türöffnerprog." á stýrieiningunni) þar til ljósdióðan við hliðina á hnappinum byrjar að blikka.
 - ✓ Merkissvaralesarinn gefur aftur frá sér staðfestingartón.
3. Halðið merkissvaralyklinum sem á að tengja þrisvar sinnum upp að merkissvaralesaranum með einnar sekúndu millibili:
 - ✓ 1. skipti ➔ 1 staðfestingartónn - ljósdióðan blikkar einu sinni í grænum lit.
 - 2. skipti ➔ 2 staðfestingartónar - ljósdióðan blikkar tvisvar í grænum lit.
 - 3. skipti ➔ 3 staðfestingartónar - ljósdióðan blikkar þrisvar í grænum lit.

- ✓ Merkissvaralykillinn hefur þá verið tengdur við lesarann og stjórnar rofaliðanum á fjar- og nærsviðinu.
 - ✓ Er þá hægt að tengja fleiri merkissvaralykla.
4. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á stýrieiningunni til þess að fara úr forritunarstillingu.



Merkissvarakort tengt

Merkissvarakortið stjórnar rofaliðanum á nærsviðinu. Merkissvarakortið er tengt með sama hætti og lýst er hér að ofan.



Hóptenging

Þegar tengja á hóp merkissvaralykla/-korta verður að halda forritunarkortinu upp að merkissvaralesaranum í stað merkissvaralykilsins.

Tengingu

merkissvaralykils við rofaliða/hurðaopnara eytt

1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á stýrieiningunni inni í þrjár sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu.
- ✓ Ljósdióðan á stýrieiningunni blikkar.
Merkissvaralesarinn gefur frá sér staðfestingartón og ljósdióðan blikkar í appelsínugulum lit.
Ljósdióðan fyrir vinnslumáta á rofaliðanum blikkar.
2. Styðjið á hnappinn "Progr." á rofaliðanum (eða á hnappinn "Türöffnerprog." á stýrieiningunni) þar til ljósdióðan við hliðina á hnappinum byrjar að blikka.
- ✓ Merkissvaralesarinn gefur aftur frá sér staðfestingartón.
3. Haldið merkissvaralyklinum sem á að eyða fjórum sinnum upp að merkissvaralesaranum með einnar sekúndu millibili:
 - ✓ 1. skipti ➔ 1 staðfestingartónn - ljósdióðan blikkar einu sinni í grænum lit.
 - 2. skipti ➔ 2 staðfestingartónar - ljósdióðan blikkar tvisvar í grænum lit.
 - 3. skipti ➔ 3 staðfestingartónar - ljósdióðan blikkar þrisvar í grænum lit.
 - 4. skipti ➔ 4 staðfestingartónar - ljósdióðan blikkar fjórum sinnum í grænum lit.

- ✓ Merkissvaralyklinum hefur verið eytt.
 - ✓ Er þá hægt að eyða fleiri merkissvaralyklum.
4. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á stýrieiningunni til þess að fara úr forritunarstillingu.



Merkissvarakorti eytt

Merkissvarakortinu er eytt með sama hætti og lýst er hér að ofan.



Hóptengingu eytt

Þegar eyða á hópi merkissvaralykla/-korta verður að halda forritunarkortinu upp að merkissvaralesaranum í stað merkissvaralykilsins.

Raflíðar/rofaliðar - hvað skiptir hvenær?

Í grunnsamskipan eiga eftirfarandi reglur við um tengingu rofaliða:

- Þegar rofaliði hefur verið tengdur er raflíðum merkissvaralesarans ekki skipt.
- Stakur rofaliði hefur alltaf forgang yfir hóprofaliða.

Stakur rofaliði	Hóprofaliði	Raflíði
ekki tengdur	ekki tengdur	skiptir
ekki tengdur	tengdur - skiptir	skiptir ekki
tengdur - skiptir	tengdur - skiptir ekki	skiptir ekki

Flóknari samskipan

Í grunnsamskipan stjórnar merkissvaralykill (eða merkissvarakort) eingöngu tengda rofaliðanum. Ef þessi merkissvaralykill á einnig að stjórna hóprofaliða eða raflíða er sérstakur hamur tengdur við merkissvaralykilinn (eða merkissvarakortið):

Hamur	Tengdur stakur rofaliði	Tengdur hóprofaliði	Tengdur raflíði
1*	skiptir	skiptir ekki	skiptir ekki
2	skiptir	skiptir	skiptir ekki
3	skiptir	skiptir ekki	skiptir
4	skiptir	skiptir	skiptir

*Verksmiðjustilling

Fimm reglur um val á réttum hami

Regla 1:

Hafi engir af rofaliðum dyrasímakerfisins verið tengdir er alltaf skipt á þeim rafliðum sem tengdir eru við merkissvaralykilinn*.

Regla 2:

Ef rafliðarnir eiga að skipta ásamt stökum rofaliða eða hóprofaliða verður að velja ham 3 eða 4.

Regla 3:

Stakur rofaliði sem tengdur er við tiltekinn merkissvaralykil* hefur alltaf forgang yfir hóprofaliða.

Regla 4:

Hafi hóprofaliði verið tengdur skiptir hann í ham 1 svo lengi sem stakur rofaliði er ekki tengdur.

Regla 5:

Ef hóprofaliði og stakur rofaliði eiga að skipta samtímis verður að velja ham 2 eða 4.

*eða merkissvarakort

Hamur tengdur við tiltekinn merkissvaralykil

Til þess að tengja ham við tiltekinn merkissvaralykil skal gera eftirfarandi:

1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á stýrieiningunni inni í þrjár sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu.
- ✓ Ljósdióðan á stýrieiningunni blikkar.
Merkissvaralesarinn gefur frá sér staðfestingartón og ljósdióðan blikkar í appelsínugulum lit.
2. Hægt er að velja viðkomandi ham með því að halda merkissvaralyklinum upp að lesaranum í skamma stund:
- ✓ Þegar merkissvaralyklinum er haldið upp að lesaranum í fyrsta sinn gefa staðfestingartónar og blick grænu ljósdióðunnar til kynna hvaða hamur er virkur.

Hamur	St. rofaliði	Hóprofaliði	Rafliði	Tónar	LED
1	JÁ	NEI	NEI	1	1x
2	JÁ	JÁ	NEI	2	2x
3	JÁ	NEI	JÁ	3	3x
4	JÁ	JÁ	JÁ	4	4x

3. Þegar merkissvaralyklinum er haldið aftur upp að merkissvaralesaranum í skamma stund skiptir lesarinn yfir í næsta ham.
4. Endurtakið skref 3 þar til hamurinn er réttur.
5. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á stýrieiningunni til þess að fara úr forritunarstillingu.

Hami lykklahóps breytt

Til þess að tengja tiltekinn ham við lykklahóp skal gera eftirfarandi:

1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á stýrieiningunni inni í þrjár sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu.
 - ✓ Ljósdióðan á stýrieiningunni blikkar.
Merkissvaralesarinn gefur frá sér staðfestingartón og ljósdióðan blikkar í appelsínugulum lit.
2. Hægt er að velja viðkomandi ham með því að halda forritunarkortinu upp að lesaranum í skamma stund:
 - ✓ Þegar forritunarkortinu er haldið upp að lesaranum í fyrsta sinn gefa staðfestingartónar og blick grænu ljósdióðunnar til kynna hvaða hamur er virkur.

Hamur	St. rofaliði	Hóprofaliði	Raflíði	Tónar	LED
1	JÁ	NEI	NEI	1	1x
2	JÁ	JÁ	NEI	2	2x
3	JÁ	NEI	JÁ	3	3x
4	JÁ	JÁ	JÁ	4	4x


3. Þegar forritunarkortinu er haldið aftur upp að merkissvaralesaranum í skamma stund skiptir lesarinn yfir í næsta ham.
4. Endurtakið skref 3 þar til hamurinn er réttur.
5. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á stýrieiningunni til þess að fara úr forritunarstillingu.

Dæmi 1: Búnaðurinn notaður einn sér

Í þessu dæmi er hurðaopnaranum stjórnað með rafliða 1 fyrir merkissvaralesarann.

Opna á hurðina um leið og tengdi merkissvaralykillinn kemur inn á skynjunarsvið (fjar svið) merkissvaralesarans.

Tenging



- 1 Merkissvaralesari
- 2 Hurðaopnari
- 3 Spennugjafi
24 V DC
- 4 Spennugjafi
hurðaopnarans



Hurðaopnari með sérstökum spennugjafa

Hurðaopnara sem tengdur er við liða merkissvaralesarans skal tengja við sérstakan spennugjafa.

Búnaðurinn tekinn í notkun

1. Áður en merkissvaralesarinn er tekinn í notkun verður að tengja forritunarkortið við hann:
Það er gert með því að halda forritunarkortinu upp að merkissvaralesaranum í þrjár sekúndur.
2. Tengið merkissvaralykilinn við liða 1 í forritunarstillingu:
Það er gert með því að halda merkissvaralyklinum upp að merkissvaralesaranum í eina sekúndu.

Notkun

Til þess að opna hurðina verður sá sem heldur á merkissvaralyklinum að fara inn á skynjunarsvið merkissvaralesarans.

Dæmi 2:


Búnaðurinn notaður í einbýlishúsi með dyrasímakerfi

Allir íbúar í einbýlishúsinu eiga að geta opnað hurðina með merkissvaralyklum sínum (hóptenging).

Tilteknir aðilar eiga að geta kveikt útljósíð með nærsviðsvirkni.

Tenging

- 1 Útistöð með merkissvaralesara
- 2 Utanálíggjandi innistöð
- 3 Spennugjafi 24 VDC
- 4 Rofaliði
- 5 Stýrieining
- 6 Hurðaðopnari



Búnaðurinn tekinn í notkun

1. Áður en merkissvaralesarinn er tekinn í notkun verður að tengja forritunarkortið við hann:
Það er gert með því að halda forritunarkortinu upp að merkissvaralesaranum í þrjár sekúndur.
2. Fyrst verður að tengja alla merkissvaralykla við merkissvaralesarann:
Það er gert með því að halda hverjum merkissvaralykli fyrir sig upp að merkissvaralesaranum í eina sekúndu í forritunarstillingu.

Rofaliðinn tengdur

1. Setjið stýrieininguna í forritunarstillingu.
2. Setjið í forritunarstillingu á rofaliðanum og veljið vinnslumátann "Slökkt/kveikt".
3. Tengjið merkissvaralykil við rofaliðann í forritunarstillingu:
Það er gert með því að halda merkissvaralyklinum upp að merkissvaralesaranum í eina sekúndu tvisvar sinnum.
4. Takið stýrieininguna úr forritunarstillingu.

Hurðaðopnari tengdur

Allir íbúar hússins eiga að geta opnað hurðina með merkissvaralykli sínum á fjarsviðinu.

1. Setjið stýrieininguna í forritunarstillingu.
2. Setjið stýrieininguna í forritunarstillingu fyrir hurðaðopnara.
3. Framkvæmið hóptenginguna með forritunarkortinu: Það er gert með því að halda forritunarkortinu upp að merkissvaralesaranum í eina sekúndu.
4. Takið stýrieininguna úr forritunarstillingu.

Notkun

Til þess að kveikja ljósið:


Haldið merkissvaralyklinum beint upp að merkissvaralesaranum (nærsvið).

Til þess að opna hurðina verður sá sem heldur á merkissvaralyklinum að fara inn á skynjunarsvið merkissvaralesarans.

Dæmi 3:

Notkun í dyrasímakerfi án tals

Ef ekki er þörf á talsambandi er hægt að nota merkissvaralesarann í dyrasímakerfinu með eftirfarandi hætti:



- 1 Merkissvaralesari
- 2 Samskiptaeining dyrasímakerfis
- 3 Spennugjafi 24 V DC
- 4 Rofaliði
- 5 Stýrieining
- 6 Hurðaopnari




Áður en búnaðurinn er tekinn í notkun skal gæta að eftirfarandi!

Tengja verður samskiptaeininguna við stýrieininguna áður en búnaðurinn er tekinn í notkun. Það er gert með því að leggja lykkju milli ET-klemmanna í þrjár sekúndur þegar kerfið er í forritunarstillingu.

Virkjunarinngangur

Ef virkjunarinngangurinn er ótengdur er skipt með liðanum um leið og merkissvaralykill eða merkissvarakort með tilskilinni heimild kemur inn á skynjunarsvið merkissvaralesarans.



Ef hnappur (opnunar snerta) er tengdur við virkjunarinnganginn á móti GND leitar merkissvaralesarinn ekki að merkissvaralyklum með heimild fyrr en eftir virkjun (með því að opna snertuna).

Liðar merkissvaralesara

Merkissvaralesarinn hefur tvær spennulausar víxlnertur (álagsþol: 24 V/1,6 A AC/DC) sem merkissvararnir geta stjórnað með mismunandi hætti:

Liði 1:

- með merkissvaralykli á fjarsviði
- með merkissvaralykli á nærsviði (ef rafhlaðan er við það að tæmast er lyklinum haldið upp að lesaranum í > þrjár sek.)
- með merkissvarakorti á nærsviði

Liði 2:

- með merkissvaralykli á nærsviði
- með merkissvarakorti á nærsviði

Þar sem greint er á milli nærsviðs og fjarsviðs er því hægt að framkvæma tvær mismunandi aðgerðir með sama merkissvaralykli, t.d.

fjarsvið = virkja hurðaoþnara,

nærsvið = kveikja á útiljósi (með straumstuðsliða).

Eða með mótorlás:

fjarsvið = hurð opnuð,


nærsvið = hurð læst.

Skipt um rafhlöðu í merkissvaralykli

Merkissvaralykillinn gengur fyrir lítilli litíumrafhlöðu (CR 2032) sem á að endast í um þrjú ár.

Hægt er að opna lykilinn án verkfæra þegar skipta þarf um rafhlöðuna:

1. Haldið um efri hluta húss lykilsins og dragið neðri hluta þess af eftir að hafa hallað því. Beita þarf dálitlu afli við þetta þar sem efri og neðri hlutinn eru þéttir með gúmmíhring.
2. Rafhlaðan er undir festingunni og er nú hægt að taka hana úr.
- ✓ Þegar skipt er um rafhlöðuna verður að gæta þess að skautin snúi rétt þegar henni er rennt inn í festinguna. Merkingin "+" á festingunni sýnir hvernig rafhlaðan á að snúa.
3. Stingið neðri hluta hússins aftur í efri hlutann. Það hvernig hlutarnir eiga að snúa sést á raufinni fyrir áletrunina.



Geymslustaður merkissvaralykla

Forðast ætti að geyma lyklana stöðugt innan skynjunarsviðs lesarans (t.d. á lyklasnaga).

Annars vegar afhleðst rafhlaðan þá mun fyrr en við venjulega notkun. Hins vegar getur verið að lykill sem er innan skynjunarsviðsins "vakni" öðru hvoru, sendi svarmerki til merkissvaralesarans og setji þannig af stað aðgerð (t.d. opnun hurðar).

Til þess að fyrirbyggja þetta skal geyma lyklana utan skynjunarsviðs lesarans.

Miða skal við eftirfarandi:

- Þar sem ekki gætir áhrifa frá málmi ætti að geyma merkissvaralykilinn í $> 2,5$ m fjarlægð frá merkissvaralesaranum.
- Þar sem gætir áhrifa frá málmi (t.d. vegna málmramma eða blikklæðninga) ætti að geyma merkissvaralykilinn í > 3 m fjarlægð þar sem hann er ekki í beinni snertingu við málmhlutina.

Ef forritunarkort glatast

Ef forritunarkortið glatast er ekki lengur hægt að stilla merkissvaralesarann. Í þessu tilviki verður að senda merkissvaralesarann ásamt meðfylgjandi öryggiskorti (Security Card) til þjónustumiðstöðvar Gira. Þar verður endursett á verksmiðjustillingar, þ.e. öllum kerfisstjórum og notendum verður eytt.

Að því loknu verður merkissvaralesarinn endursendur ásamt nýju forritunarkorti.

Freischaltcode

F8 FA 41 58 B2 3D 03 F8
94 48 45 82 B2 74 E3 3D



Gira Keyless In
Safety Card
Transponder

GIRA

Viðbrögð við yfirhita

Til þess að verja rafeindabúnað merkissvaralesarans er hægt á greiningu lykla þegar hitastigið fer yfir 55 °C. Þegar yfirhita er náð (60 °C) hættir rafeindabúnaðurinn tímabundið að lesa úr lyklunum.

Á meðan þetta ástand varir blikkar ljósdíóðan í appelsínugulum lit með 10 sekúndna millibili. Þegar hitastigið lækkar fer búnaðurinn sjálfkrafa aftur að vinna með venjulegum hætti.

Tæknilýsing

Spennugjafi:	24 V DC $\pm$ 10%, 300 mA
Varnarflokkur:	IP 20 (System 55) IP 44 (TX_44)
Hitasvið:	-20 °C til +55 °C
Þol gegn afhleðslu	
stöðurafmagns:	allt að 8 kV
Álagsþol rafliða:	24 V/1,6 A AC/DC



Rafliðar varðir með straumskiptidíóðu

Til þess að verja snerturnar er mælt með því að hliðtengja straumskiptidíóðu þegar spanálag (t.d. hurðaopnarar) er tengt.

Merkissvaralykill

Rafhlaða:	Lítill litíumrafhlaða CR 2032
Varnarflokkur:	IP 54

Ábyrgð

Ábyrgð er veitt samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast sendið tækið án burðargjalds til þjónustumiðstöðvar okkar ásamt lýsingu á biluninni.

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Service Center
Dahlienstraße 12
42477 Radevormwald
Þýskaland

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Raflagnakerfi
Postfach 1220
42461 Radevormwald
Þýskaland
Sími +49(0)21 95 - 602 - 0
Fax +49(0)21 95 - 602 - 119
www.gira.com
info@gira.com

GIRA